

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Róbertsson skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

**Bæjarskrifstofur Hornafjarðar**

Númer: 201704404	Mott: 1.10.19
Skjalag: 09.23	Dags: 1.10.19
Afgr: Signý	

Reykjavík, 26. september 2019

Tilvísun: 201811041 / 3.2

**Efni: Tillaga að aðalskipulagsbreytingu í landi Svínhóla í Lóni**

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur, með erindi dags. 26. ágúst 2019, sent Skipulagsstofnun að nýju til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Svínhóla í Lóni samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 22. ágúst 2019. Erindinu fylgdi samantekt sveitarfélagsins yfir innkomnar umsagnir við lýsinguna og viðbrögð við þeim, dags. 22. ágúst 2019. Þann 6. september sl. bárust (drög) að deiliskipulagi svæðisins, dags. 30. ágúst 2019, og nýtt staðbundið hættumat Veðurstofunnar fyrir svæðið, dags. 16. apríl 2019, barst þann 23. september sl. Ekki liggja fyrir umsagnir umsagnaraðila um framlagða tillögu.

Framkvæmdaraðili hefur tilkynnt framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er ákvörðunar að vænta upp úr miðjum október 2019.

Vegna umfangs verkefnisins og sérstöðu skipulagssvæðisins óskar stofnunin eftir að fresta athugun aðalskipulagstillögunnar þar til umsagnir umsagnaraðila og ákvörðun stofnunarinnar um hina tilkynntu framkvæmd liggja fyrir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirdingar á þessari töf og verður málið afgreitt svo fljótt sem unnt er.

  
Guðrún Halla Gunnarsdóttir

